

Reykjavík, 18. febrúar 2021

## **Erindi: Gjaldskylda í bílastæðahúsum**

Bílastæðasjóður hefur um nokkurt skeið innheimt gjald af handhöfum stæðiskorts hreyfihamlaðra vegna lagningu ökutækja í bílastæðahúsum borgarinnar.

Samkvæmt reglugerð um útgáfu og notkun stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða, nr. 1130/2016 er handhafa stæðiskorts er heimilt að leggja ökutæki í bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða og í önnur gjaldskyld bifreiðastæði (stöðureit) án greiðslu.

Bílastæðasjóður telur sig hins vegar hafa heimild til að innheimta gjald af handhöfum stæðiskorts hreyfihamlaðra með vísan í samþykkt Reykjavíkurborgar frá 1988 um Bílastæðasjóð Reykjavíkur og hafa grunlausir handhafar stæðiskorta hreyfihamlaðra fengið rukkanir í heimabanka vegna áætlaðra stöðubrota á grundvelli innri reglna Reykjavíkurborgar, sem ekki virðast hafa stuðning í löggjöf.

Óháð því að það getur ekki verið ætlunin að undanþága frá gjaldskyldu sé ómerkt við það eitt að bílastæði sé undir þaki, þá eru mörg rök fyrir þessari undanþágu.

Hreyfihamlaðir einstaklingar eru til að mynda mun lengur að athafna sig en aðrir bílastæðanotendur. Hreyfihamlaður einstaklingur stekkur ekki inn. Hann þarf tíma til að koma sér í og úr bifreið, að komast inn á áfangastað og fara um. Ýmsar hindranir geta tafið förina, svo sem þröskuldar, færð og mannmergð. Hreyfihamlaðir einstaklingar hafa ennfremur oft ekki annarra kosta vól en að nota einkabíl, þar sem almenningssamgöngur, hjólréiðar eða ganga eru ekki raunhæfur kostur.

Undirritaður fer fram á að Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur sendi frá sér ályktun þess efnis að handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða skuli vera undanskildir gjaldskyldu í borgarlandinu, hvort sem um er að ræða í bílastæðahúsum, bílskylum eða undir beru lofti.

Ingólfur Már Magnússon  
fulltrúi ÖBÍ í Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur